

30
23. febr.

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	95	13	79
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	59	10	49
— <i>C. — í ullartóvöru</i>	69	25	58
— <i>D. — í fiski</i>	63	67	53
— <i>E. — í lýsi</i>	25	57	21
— <i>F. — í skinnavöru</i>	71	20	59
En meðalverð allra landaura, samantalið . .	383	92	319
og skipt með 6, sýnir:			
Meðalverð allra meðalverða	63	99	53

Reykjavík, 23. febrúarmán. 1897.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

31
23. febr.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um greiðslu kostnaðar við fjárskoðun út af fjárkláðagrun — Þjer hafid, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 20. f. m., látið mjer í tje umsögn yðar um erindi nokkurt frá hreppsnefndinni í Suðurfjarðahreppi í sýslu yðar, þar sem hún spyrst fyrir um það, hvort kostnaður við skoðun á sauðfje í hreppnum veturinn 1895/96 útaf fjárkláðagrun, skuli greiddur úr sveitarsjóði, eða kostnaðinum jafnað niður á fjáreigendur.

Út af því skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að fallast á rök þau, er landshöfðingjaúrskurður frá 26. febr. 1886 (Stj.tíð. 1886 B, bls. 39) er byggður á, og jeg eigi get álitid að 3. gr. laga nr. 14 frá 22. marz 1890 gjöri neina breyting í þessu efni, þá er hjer með þjónustusamlega lagt fyrir yður að innheimta hinn umrædda kostnað á þann hátt, sem segir fyrir um í áður-nefndu landshöfðingjabrjefi.

32
27 febr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um greiðslu meðlags mnð óskilgetnu barni. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. desbr. f. á., hafid þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi í Þingeyjarsýslu, dagsett 17. oktbr. s. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 5. maí s. á., er ákveður, að Presthólahreppur sem framfærsluhreppur Einars nokkurs Friðbjarnarsonar, föður óskilgetins barns Ásu Guðmundsdóttur, Tryggva, skuli greiða fúlgu þá með nýnefndu barni, að upphæð 30 kr., sem barnsföðurnum bar að greiða samkvæmt úrskurði amtsins frá 24. apríl 1894 fyrir tímabilið frá 17. júní 1893 til 17. júní 1894, og hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu hafði lagt fram sem vistarsveit barnstöðurins.

Málavextir er þeir, eins og tekið er fram í úrskurði yðar, að Glæsibæjarhreppur, sem þá var vistarhreppur Einars, þann 8. desbr. 1894 greiddi áður-nefnda fúlguupphæð fyrir hann, og ljet jafnframt í ljósi, að það yrði árangurslaust að reyna að ná fúlgunni hjá Einari, því að hann mundi sjálfur eigi kom-